

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/115****2023/EES/83/39****frá 16. janúar 2023****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinu fyrir virka efnið dímoxystróbín (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 ⁽³⁾ var samþykkistímabilið fyrir virka efnið dímoxystróbín framlengt til 31. janúar 2023.
- 3) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu dímoxystróbíni var lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁴⁾.
- 4) Þrátt fyrir að yfirlýsing frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu ⁽⁵⁾ um mat á virka efninu dímoxystróbíni liggja fyrir og framkvæmdastjórnin hafi þegar komið á umræðum hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og föður virðist enn líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun. Af þessum sökum og þar eð umsækjandinn fær ekki ráðið við þessa tóf er nauðsynlegt að framlengja samþykkið í takmarkaðan tíma til að gera það kleift að ljúka við matið sem krafist er til að taka ákvörðun um umsóknina um endurnýjun á samþykkinu.
- 5) Ef framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir dímoxystróbíni sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Ef framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir dímoxystróbíni mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2068 frá 25. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilinum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxystróbín, flúásínám, flútólaníl, mekópróp-P, pepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín (Stjtið ESB L 421, 26.11.2021, bls. 25).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

Þó að framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 hafi verið felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 (Stjtið. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20) gilda ákvæðin um endurnýjun á samþykki fyrir virkum efnum, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, áfram í samræmi við 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1740.

(5) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2022. „Statement concerning the assessment of environmental fate and behaviour and ecotoxicology in the context of the pesticides peer review of the active substance dimoxystrobin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022, 20(11), 7634. <https://doi.org/10.2903/j.efsa.2022.7634>.

- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 7) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir dímoxystróbini rennur út 31. janúar 2023.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, „Samþykki rennur út“, í færslu 128, dímoxystróbín, kemur „31. janúar 2024“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
